

Sp.

317. Tillaga til þingsályktunar

um styrk til byggingar Hallveigarstaða.

Flm.: Magnús Jónsson, Sigurjón Á. Ólafsson, Jörundur Brynjólfsson.

Sameinað Alþingi heimilar ríkisstjórninni að veita hlutafélaginu Kvennaheimilinu Hallveigarstöðum styrk til þess að reisa fyrirhugað gistiheimili í Reykjavík, allt að 100000 krónum.

Greinargerð.

Svo sem kunnugt er, er nú hér í Reykjavík hinn mesti skortur á húsnæði, og hefur hann mjög aukizt á allra síðustu árum, og á hernám landsins ásamt hinu mikla aðstreymi til hajarins vegna vinnu þeirrar, er það veitir, sinn mikla þátt í þessum húsnæðisvandráðum. Árlega leitar hingað mikill fjöldi fólks til lengri eða skemmri dvalar, til dæmis námsfólk. Í þeim hópi er fjöldi ungra stúlkna, sem oft og einatt eiga sér engan samastað vísan, og er þá mjög undir heppni komið, í hvers konar félagsskap þær lenda og hver not þeim verða að dvölinni hér.

Fyrir allmörgum árum sáu konur hér í bæ, hve mikil nauðsyn var á því, að komið yrði upp heimili fyrir aðkomustúlkur, þar sem þær gætu dvalið við góð skilyrði, einnig að hér væri mikil þörf gistiheimilis fyrir utanbæjarkonur, er hér þyrftu að dvelja um lengri eða skemmri tíma. Var því það ráð tekið að reyna að hefja hlutafjáröfnun meðal kvenna, og voru boðnir út mjög smáir hlutir, 25--50 og 100 krónur. Samtímis var stofnað hlutafélagið „Kvennaheimilið Hallveigarstaðir“. Fjáröfnunin fékk þær undirtektir, að alls safnaðist í innborguðu hlutfé kr. 43375.00, og var sú upphæð ekki nægileg til þess að hægt væri að byggja fyrir hana, og þurfti því hjálp að koma frá öðrum aðilum.

Varð það félaginu mikill styrkur, að ríkisstjórn og Alþingi veittu því endurgjaldslaust lóð, austast og nyrzt í Arnarhólstúni, en vegna þess að lóð þessi þótti ekki vera á sem heppilegustum stað fyrir þá byggingu, sem á henni var fyrirhugað að reisa, var það ráð lekið að selja hana og kaupa í þess stað aðra. Er sú lóð takmörkuð af Túngötu, Garðastræti og Öldugötu og mun nú vera ein hin verðmætasta af óbyggðum lóðum hér í bænum.

Á þessari lóð er fyrirhugað að reisa Kvennaheimilið Hallveigarstaði, en til þessara æskilegu og nauðsynlegu framkvæmda hefur enn ekki getað komið, vegna þess að eigi hefur verið nægilegt fé fyrir hendi. Ákvað stjórn félagsins því að leita til Alþingis um 100000 kr. styrk til byggingar þessarar. Viljum vér í því sambandi benda á, að nú, þá er fjárhagur ríkisins er rýmri en nokkru sinni fyrr, virðist allt mæla með því, að ríkissjóður hlaupi undir bagga með slíku fyrirtæki sem hinn væntanlegi dvalarstaður aðkomukvenna í höfuðstaðnum er. En þar sem nú er sýnt, að fjárlög verða ekki afgreidd að þessu sinni, höfum vér flutningsmenn þessarar tillögu talið rétt að leita samþykkis Alþingis til þess, að verja megi allt að þessari fjárhæð til þess að koma húsinu upp, ef tækifæri byðist til þess að hefjast handa um framkvæmdir nú þegar, og mundi þá heimildar Alþingis síðar leitað á fjáráukalögum.